

LITIRNIR og áhrif þeirra III

Indigóblái geislinn og þróun hans

Næstur í röðinni er indigóblái geislinn. Er hann hinn fimmti í röð þeirri, sem ég hef leyft mér að fylgja í þessum greinaflokki.

Rétt er að benda á það í þessu sambandi, að hinir fyrrumtöluðu geislarnir, auk græna geislans, eru andlegs eðlis eða hinir andlegu geislar, því að þeir benda á þrenninguna, eins og hún birtist í hinum hærri þríhyrning, eða faðir, sonur og heilagur andi. Benda þeir einnig á hinn innri og æðri mann, sem er: Atma, buddhi, manas, en græni geislinn er brúin, sem svo er nefnd í hinum dulrænu fræðum, eða antakarana. Indigóblái geislinn er hin lægri hugsun, sú hugsun, sem starfar í formi og á heima á hinum lægri svæðum hugheima, rúpa. Er það sá þáttur hugsunarinnar, sem hér er um að ræða, hugsun röksemdanna.

Þessi geisli eða litur, hinn indigóblái, er því geisli, sem hin svonefndu rökvisindi teljast og um leið sá þáttur, sem við almennt nefnum raunvísindi.

Chohan indigóbláa geislans

Talið er að þessum geisla ráði eða vinni á sá chohan eða meistari, er gengur undir nafninu Hilarion. Er sagt að hann sé Kríteyingur eða beri kríteyskan líkama. Hann kvað aðallega dveljast í Egyptalandi ásamt meistararum Serapis, sem talað er um í sambandi við græna geislann og þróun hans.

Sagt er að meistarinn Hilarion sé einna færastur meistaranna á mælt mál og sé málfræðingur með afbrigðum. Hann kvað hafa þýtt uppistöðurnar að bókinni Leiðarljós úr koptisku á grísku og svo snúið henni á enska tungu og gefið hana í þeirri mynd, sem hún nú er í, gegnum lærisvein sinn, Mrs. Brooks, sem hefur ritað nokkrar bækur undir gervinafninu Mabel Collins. C. W. Leadbeater segir í formála að einni útgáfu bókarinnar Leiðarljós, að uppistöðurnar að henni hafi verið upprunalega skráðar á tíu pálmaviðarblöð og hafi þrjár setningar verið skráðar á hvert þeirra. Frumhandrit þetta hafi verið skráð fyrir 28 þúsund árum á máli, sem nú er týnt og tapað. Síðar hafi svo verið bætt inn fjórðu hverri setningu til viðauka og skýringa og einni að auki, og verði bókinn þá alls 42 setningar eða meginreglur til eftirbreytni. Muni meistarinn H. hafa aukið þeim við ritið. Ritið skiptist í tvo meginkafla og er því 21 setning eða líferniregla í hvorum þeirra. Er fyrri kaflinn sagður að vera lífsreglur fyrir nemendur, en sá síðari fyrir meistarana. Ber rit þetta með sér, að það muni vera sígilt verk, að sínu leyti eins og bókin „Við fótiskör meistarans“ og „Ljós Asíu“ eru það, svo að aðeins þau tvö séu nefnd.

Meistarinn Hilarion og Serapis munu hafa skóla í Egyptalandi fyrir nokkra útvalda nemendur sína. Þó er sagt, að þeir séu ekki ætíð heima, því að þeir séu oft á ferðalagi, en það mun ekki koma að sök, því að þeir hafa full tök á að gæta þessara skjólstaðinga sinna fyrir því, þar eð fjarlægðirnar eru þeim engin hindrun í starfi þeirra sem kennara.

Hugrænir hæfileikar

Þróun hugrænna hæfileika er mjög mikilsvert atriði í framtíðarþróun mannkyns, því að sá þáttur sjálfsins er skilyrðið fyrir hinni æðri þróun og er í rauninni sú hliðin, sem er grundvöllur þróunarinnar hér á jörðu nú, einkum meðal arísku þjóðanna. Takmark Aríanna er að þroska hið hugræna líf til fullnustu og nú, þegar við erum í fimmta kynþætti þeirra, þar sem

einmitt er lögð ennþá meiri áhersla á þetta, má segja að þróun indígóbláa geislans sé mjög mikilsverð. Það er að ná því valdi yfir hugsuninni að hún verði hæft verkfæri sjálfsins til þess að ná tökum á starfinu í hinum æðri heimum. Hugurinn er hreyfillinn, sem flytur manninn úr einu landi í annað í þeim veröldum, sem næstar okkur liggja. Þess vegna leggja allir austrænrir skólar mikla áherslu á þjálfun hugans. Hugurinn er vanur því að hlaupa frá einu verkefninu í annað og frá einni hugsun til annarrar. Hann hagar sér eins og ótemja, sem hleypur út um vegleysur án þess að feta þá leið, sem hún á að fara. Hugsunina verður að þjálfra og temja, svo að hún verði nothæf til þeirra verka, sem henni er ætlað að vinna. Eins og oft hefur áður verið vikið að, þá er fyrsta stigið að festa hugann við einhverja ákveðna hugsun og láta hann halda henni og leyfa honum ekki að taka aðra hugsun án valds viljans. Þessi aðferð er nefnd fasthygli. Annað stigið er að skilgreina hugsunina, sundurliða hana og leita allra hliða hennar til þess að ná sem bestri skilgreiningu á henni. Er þetta nefnt hugleiðing. Þriðja skrefið er að hætta að hugsa eða láta hugann hvíla. Er það örðugasta stigið í þjálfun hugans. Er það nefnt hugskoðun. Það er því verkefni vorra tíma að þroska hugann og gera hann þjálft verkfæri í hendi mannsins, því að menn munu að lokum komast að raun um að þeir eru ekki, eins og margir halda, hugurinn sjálfur. Hugurinn er aðeins tæki, sem sjálfsveran hefur í höndum til þess að vinna með. Þess vegna er svo afar nauðsynlegt að þjálfra hann og gera hann nothæft verkfæri í hendi manna. Að þessari leið er unnt að gera hugann einmitt við hugskoðunina að farvegi fyrir hina hærri vitund, sem er á bak við hann, innsæið.

Aðferðirnar eru í raun réttir margar og margvíslegar, sem hin almenna þróun hefur á takteinum til þess að koma þessu í verk.

Starfið

Í þeim athugunum, sem hér fara á eftir, er ekki stuðst við andlegar æfingar Austurlanda, en aðeins talað um aðferðir þær, sem lífið almennt notar hér á Vesturlöndum til þess að styðja hina hugrænu þróun og nálgast takmark hennar.

Við getum byrjað á vísindunum. Sérstaklega munu þó vísindalegar rannsóknir hafa nokkuð veruleg áhrif í þá átt að þroska rökrétta hugsun eða temja manninn til þess að rökhugsa og draga rökréttar ályktanir af þeim fyrirbærum, sem þegar eru fundin á hverjum tíma. Þá kemur athygligáfan mjög til greina í þessum efnunum. Námið eða námshæfileikinn og minnið er auðvitað mjög mikils vert í þessu efni, jafnvel þó að það sé allt annar þáttur huglífsins en skilgreinigáfan, en það er oft og tíðum nauðsynlegt til þess að byggja á og spara starfstíma. Þó munu þeir ennþá tiltölulega fáir, sem eru jafnvígir á gott minni og skarpa hugsun og skilgreinigáfu. En nútíðarvísindarannsóknir og skilgreinigáfa er undir öllum kringumstæðum óaðskiljanlegt, ef sæmilegur árangur á að nást. Skilgreinigáfan og næm eftirtekt hlýtur því að vaxa að verulegum mun í sambandi við vísindalega starfsemi.

Þessi þjálfun huglífsins er í rauninni hægfara, enda telst hún hinni almennu þróun. Ákveðnar þjálfunarreglur teljast hinni innri og mörgum sinnum hraðgengari þróun. En því lengra sem sækist á hinni almennu þróunarleið, því hraðari verður gangurinn. Nú á tímum er hraðinn orðinn að miklum mun meiri en áður átti sér stað, og birtist þetta í hinni ytri starfsemi vestrænna þjóða.

Uppfinningamenn eru í mörgum greinum hugrænt þroskaðir, en ef til vill stundum einhliða, eins og títt er um suma stærðfræðinga. En þeir verða að beita rökhugsun að miklum

mun ákveðnar en flestir aðrir, og þeir eru einnig opnari fyrir innsæi og æðri vitund en vísindamenn almennt. Það er vegna þess að þeir verða að beita viljanum að miklum mun ákveðnar til þess að ná í ákveðinn árangur.

Öll tækni og vélamenning nútíðar er mjög markvert og athugandi fyrirbrigði í þessu sambandi. Hún eykur hraðann og ýtir undir hann ósjálfrátt.

Notkun allra hraðvirkra véla og stjórn þeirra krefst óskiptrar athygli þeirra, sem með þær eiga að fara og mikillar nákvæmni, ef allt á að ganga að óskum og afköstin verða eins og til var ætlast. Ef þess er ekki vandlega gætt að hafa gát á þeim, er jafnvel mikil hætta á ferðum - lífshætta. Því má athyglina aldrei breyta á meðan vinnan fer fram.

Þeir, sem hafa skipstjórn á hendi, verða oft og tíðum að beita ýrtruðu athygli í starfi sínu til þess að forðast hættur og vernda líf manna sinna og þeirra, sem eru undir þeirra hendi. Þeir verða því að hafa nánar gætur á öllu, smáu og stóru, svo að engin mistök eigi sér stað.

Þá má benda á bifreiðastjóra. Allir þekkja þá nákvæmni og stöðugu eftirtekt og athygli, sem þeir verða að beita, jafnvel á hverju augnabliki, til þess að forðast hættur, árekstra og slysfarir. Þess vegna er gerð ströng krafa til þess að þeir séu allsgáðir við vinnu sína og neyti aldrei áfengis, til þess að full trygging sé fyrir samferðamenn þeirra og fyrir vernd þeirra fjármuna, sem eru undir þeirra umsjá.

Þá eru loftsiglingarnar ekki veigaminna atriði í þessu sambandi. Loftfarsstjórinn verður að hafa nánar gætur á öllu, því að nálega á hverju augnabliki er hann háður hættum, sem geta jafnvel komið fyrirvaralaust. Hann verður að beita stöðugri og órjúfanlegri fasthygli við verk sitt allan tímann, sem hann er á verði. Þess vegna er það einnig krafa til hans, að hann sé ævinlega allsgáður við verk sitt og ekki undir áhrifum deyfilyfja, sem trufla hugsanagang hans og nákvæma athygli.

Þann veg er það og með allar tegundir af meiri háttar vélum, að stjórn þeirra krefst stöðugar og nákvæmrar athygli, ef allt á að vera í lagi, til þess að slysi og hættur séu útilokaðar sem best að auðið er.

Tuttugasta öldin, öld tækninnar, vélanna og alls konar framfara í tilbúningi og notkun véla hefur opnað almenningi mikla möguleika, en um leið auknar stöðugar hættur, sem krefjast stöðugar og óaflátanlegrar aðgæslu. Nú eru vélar fundnar upp til þess að vinna flest þau störf, sem áður voru unnin af manna höndum, og létta mönnum því vinnuna og auka framleiðsluna jafnvel í margföldum mæli við það, sem áður átti sér stað.

Það er því áberandi, hvað vélaöldin krefst stöðugar og óskiptrar athygli þeirra, sem vélunum eiga að stjórna og nákvæmrar, stöðugar, fastrar hugsunar um það, sem gerist á hverju augabragði.

Þetta er ekki neitt smávægilegt viðfangsefni frá sjónarmiði þróunarinnar og þjálfunar einstaklinganna.

Verði eitthvað að eða ef hætt er við slysi, sem er sýnilegt nokkrum augnablikum áður en það verður, þarf hraða og ákveðna hugsun til þess að ákveða, hvernig slysinu skuli afstýrt eða dregið úr því, ef mögulegt er. Þetta verður stjórnandinn að athuga, og ákveða, hvað gera skuli

á einu augabragði. Þarna kemur nýr þáttur athygligáfunnar til greina, og hugleiðingin um það, hvað heppilegast sé að gera, eins og á stendur. Þá er það, að hugleiðingin kemur til skjalanna og vinnur verk sitt á augabragði. Þetta hefur birst sérstaklega áberandi, er um flugslys hefur verið að ræða, sem fyrir snarræði hefur verið afstýrt.

En nálega óteljandi smáatvik koma einnig til greina, sem er samkyns, en menn veita minni athygli. Þetta mun eiga sér stað hjá þeim, sem stjórna bifreiðum.

Starfið í hinu almenna lífi hefur ákveðin áhrif á þróunina, þróun hins hugræna, eðlisþáttar mannsins, og ýtir undir stöðugt og óaflátanlega. Þetta gerist að þeim leiðum, sem ég hef gert hér að umtalsefni.

Vélgæsla öll og notkun véla, flutningur á sjó, á landi og í lofti koma hér til greina og æfa og þróa fasthyglina hjá þeim, sem við þessi störf fást. Þetta er fyrsta stigið í þróun hugrænna hæfileika.

Vísindamennska, sem er rekin af sérstakri nákvæmni og eftirtekt, hefur rík áhrif á hugleiðinguna og þróar hana stöðugt og óaflátanlega.

En uppfinningamenn æfa og styrkja þá hlið huglífsins, sem er hugskoðun, síðasti og æðsti þáttur þessarar þróunarleiðar.

Í Austurlöndum þróa einstakir menn þetta með sérstökum æfingum og geta náð miklum árangri á stuttum tíma, ef allt er að öðru leyti í lagi. En þetta er ýmsum hættum undirorpið, sem sérstaklega eru frekar til staðar hér í Vesturlöndum en þar.

Þess vegna er það, að gangur lífsins og hin ytri þróun hefur hér í Vesturlöndum hagað því svo, að þessir þættir sálarlífsins eru þróaðir að mun léttari leið en ella hefði verið, ef austrænar leiðir hefðu verið viðhafðar. Menn eru þess tæplega og ekki vitandi, að þetta gerist í raun og veru. Vitanlega fer þetta að mun hægar hjá einstaklingunum heldur en með austrænum aðferðum, en þessi leið er þeim muninum hættuminni eða jafnvel hættulaus.

Hér eru að verki stöðugar og margendurteknar hugrænar athafnir, sem gerast á hverju augnabliki og endurteknar þessar skipta jafnvel mörgum þúsundum á hverjum degi. Þar sannast máltækið, að margt smátt gerir eitt stórt. Eftir ákveðinn tíma, jafnvel miklu skemmri en unnt er að gera sér í hugarlund, hefur maðurinn þróað hæfileika, sem hann hafði eigi hugmynd um áður, að hann hefði í fórum sínum. Hann beitir hugsun sinni á augabragði á ákveðinn depil og útilokar alla aðra hugsun á meðan hann þarf að fást við þessa einu vegna ytri aðstæðna, sem eigi þola bið. Það verður að taka ákvörðun án tafar.

Og þetta verður meðal annars mögulegt vegna þess, að sá meistari, sem hefur þessa þróun undir eftirliti sínu, beitir áhrifum sínum í gegnum hina hugrænu heima og tendrar upp og hreyfir sveiflumagnið í þeim og styrkir og opnar á þann hátt hið innra hugsanalíf manna, ekki síst þeirra, sem sérstaklega svara áhrifum indígóbláa geislans.

Jón Árnason, prentari.